

Ísafjarðarbær
Guðmundur Gunnarsson
Stjórnsýsluhúsinu
400 ÍSAFIRÐI



Reykjavík, 11. september 2018

Kæru sveitarstjórnarmenn.

Íbúðalánasjóður óskar kjörnum fulltrúum til hamingju með niðurstöður kosninga og vonast til þess að eiga áfram farsælt samstarf við sveitarfélögin á komandi árum.

Sjóðurinn leitar nú eftir sveitarfélögum til að taka þátt í tilraunaverkefni um uppbyggingu í húsnæðismálum á landsbyggðinni. Tilraunverkefnið snýr að því að leita leiða til þess að bregðast við þeim mikla húsnæðisvanda sem ríkir víðsvegar á landsbyggðinni m.a. vegna óvirks íbúða- og leigumarkaðar og skorts á viðunandi íbúðarhúsnæði. Tilraunaverkefnið tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem fram kemur að stuðla skuli að eflingu og auknu jafnvægi á húsnæðismarkaði og að litið verði til ólíkra áskorana eftir landssvæðum í því samhengi. Þá tekur verkefnið einnig mið af stefnumótandi byggðaáætlun sem samþykkt var á Alþingi þann 11. júní 2018 þar sem er m.a. kveðið á um markmið um fjölgun íbúða á svæðum þar sem skortur á hentugu íbúðarhúsnæði hamrar uppbyggingu í sveitarfélagini.

Verkefnið er í samræmi við hlutverk sjóðsins en á vormánuðum var lögfest nýtt hlutverk Íbúðalánasjóðs með breytingum á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál. Sjóðurinn hefur nú meðal annars það hlutverk að vinna að stefnumótun á sviði húsnæðismála og vera ráðherra til ráðgjafar um mótu húsnæðisstefnu ásamt því að halda utan um húsnæðisáætlunar sveitarfélaga.

Óski sveitarfélagið eftir því að taka þátt í verkefninu skal hafa samband við Sigrúnu Ástu Magnúsdóttur, deildarstjóra á húsnæðissviði Íbúðalánasjóðs, á netfangið sigrun@ils.is fyrir 30. september 2018.

Upplýsingar sem mikilvægt er að komi fram þegar óskað er eftir þátttöku:

- Lýsing á stöðu húsnæðismála og rökstuðningur fyrir þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu þar sem tekið er fram hvaða áskoranir sveitarfélagið glímir við í húsnæðismálum. Einnig er mikilvægt að tekið sé fram hver staðan er á vinnslu húsnæðisáætlunar í sveitarfélagini.
- Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins er grundvallarforsenda fyrir þátttöku í verkefninu. Hafi sveitarfélagið ekki þegar unnið slíka áætlun og skilað til Íbúðalánasjóðs þarf það að hafa til þess vilja og getu að ljúka við gerð hennar.

Virðingarfyllst,

Hermann Jónasson, forstjóri

Húsnæðismál á landsbyggðinni

-Tilraunaverkefni



**Íbúðalána
sjóður**

Íbúðalánasjóður óskar eftir þáttöku sveitarfélaga í tilraunaverkefni um uppbyggingu húsnæðismála á landsbyggðinni

Markmið verkefnisins er að leita leiða til þess að bregðast við þeim mikla húsnæðisvanda sem ríkir víðsvegar á landsbyggðinni, m.a. vegna óvirks íbúða- og leigumarkaðar og skorts á viðunandi íbúðarhúsnæði.

Horft er til þess að 2-4 sveitarfélög taki þátt í tilraunaverkefninu og að verkefnið nái að fanga mismunandi áskoranir á ólíkum landsvæðum. Þannig geta þær lausnir sem verkefninu er ætlað að móta nýst á sem breiðustum grunni.

Verkefnið tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sem og stefnumótandi byggðaáætlun sem samþykkt var á Alþingi þann 11. júní 2018. Í byggða-

áætlun er m.a. kveðið á um markmið um fjölgun íbúða á svæðum þar sem skortur á hentugu íbúðarhúsnæði hamrar uppbyggingu í sveitarfélagini.

Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins er grundvallarforsenda fyrir þáttöku í verkefninu. Hafi sveitarfélagið ekki þegar unnið slíka áætlun og skilað til Íbúðalánasjóðs þarf það að hafa til þess vilja og getu að ljúka við gerð hennar.

Þau sveitarfélög sem óska eftir að taka þátt í verkefninu eru beðin um að hafa samband við **Sigrúnu Ástu Magnúsdóttur**, deildarstjóra á húsnæðis-sviði Íbúðalánasjóðs, á **netfangið sigrun@ils.is** fyrir 30. september 2018.

Umsóknarfrestur:
30. september 2018

